

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hörgársveit.

Lónsbakkahverfi, deiliskipulagsbreyting.
Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 25. janúar 2024 eftirtaldir breytingar á deiliskipulagi Lónsbakkahverfis:

- Íbúðum í raðhúsi við Reynihlíð 15 er fjölgað úr 5 í 6.
- Skipulagsskilmálum Reynihlíðar 21 og 23 er breytt á þá leið að heimilt verður að byggja einnar hæðar hús í stað tveggja hæða húss eins og upprunalegir skilmálar gerðu ráð fyrir.
- Byggingarreitur leikskólans Alfasteins er stækkaður til suðurs og vesturs.
- Skipulagsskilmálum lóðanna Reynihlíðar 20, 22, 24 og 26 er breytt á þá leið að heimilt verður að byggja fjögurra íbúða fjölbýlishús á hverri lóð í stað þriggja íbúða raðhúsa.

Breytingarnar teljast óverulegar með tilliti til gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Deiliskipulagsbreytingarnar hafa hlotið meðferð skv. 43. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingarnar öðlast þegar gildi.

F.h. Hörgársveitar, 26. janúar 2024,

Vigfús Björnsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 9. febrúar 2024